

leið. Hér á að koma fram kostnaður við slíkar breytingar og hversu langan tíma þær munu taka.

6. Skilyrði um framtíðaráætlanir. Taka skal fram hvaða skilmálar eru settir um stækkun neta og breytingar á tilhögun neta.
7. Skilmálar um reikningagerð og uppgjör. Hér skulu koma fram skilmálar um uppgjörseyðublöð, um kannanir á nákvæmni o.fl.
8. Kröfur ef einhverjar eru um sérstakan búnað eða hnútpunkta í netum.

16. gr.

Réttur til að breyta viðmiðunartilboði.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði enda sé slík krafa rökstudd t.d. með tilvísun í tilmæli ESB.

17. gr.

Viðurlög.

Viðurlög við brotum á reglunum fara eftir ákvæðum laga um fjarskipti nr. 107/1999.

18. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 26. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Póst- og fjarskiptastofnun, 23. janúar 2002.

Gústav Arnar.

Friðrik Pétursson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Lómasalir 2 og 4. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 25. október 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Lómasölum 2 og 4. Í tillögunni felst að byggingarreitur fyrirhugaðs fjölbýlishúss er lengdur til norðvesturs um 2 metra, fyrirhuguð bílgeymsla verður undir húsinu í stað þess að vera undir bílastæðum og í stað eins sameiginlegs stigahúss verða tvö stigahús.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 30. janúar 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.